




ADALSKIPULAG NORÐURÞINGS 2010-2030, ÞÉTTBYLISSVÆÐI HÚSAVIKUR STAÐFEST AF UMHVERFISRÁÐHERRA Í DESEMBER 2010



STÆKKAD SVÆÐI I5 OG S3 ÚR ADALSKIPULAGI NORÐURÞINGS 2010 - 2030.



- iðnaðarsvæði
- svæði fyrir fristundabyggð
- sorpförgunarsvæði
- opin svæði til sérstakra nota
- gönguleiðir
- reiðleiðir
- hverfisverndarsvæði
- stofn hitaveitu



Iðnaðarsvæði deiliskipulag Mkv. 1:2000

GREINARGERÐ:

Staðhættir og lýsing skipulagssvæðis: Skipulagssvæðið er staðsett við þjóðveg 85 um 1 km sunnan við Húsavík, innan þéttbýlissvæðis. Stærð svæðisins í heild er 15,4 ha (lengd meðfram þjóðvegi er um 600 m og breidd svæðisins um 200 m). Iðnaðarsvæðið I5 er 14 ha. Innan skipulagssvæðis I5 er nú Orkustöð Orkuveitu Húsavíkur (lód um 0,4 ha) og iðnaðarhúsi (lód um 0,6 ha) ásamt minni geymslubyggingum. Fast að iðnaðarsvæðinu er sorpförgunarsvæði (S2) 1,4 ha að stærð. Þar af er lód undir sorpförgun um 0,9 ha. Á löðinni eru skemmbýggingar sem hýsa sorpmóttöku og sorpflokkun. Veglenging er um iðnaðarsvæðið að sorpförgunarsvæði. Að öðru leyti er svæðið óbyggt / grónn melar. u.þ.b. 60 m yfir sjávarmáli.

Forsendur Aðalskipulags Norðurþings: Deiliskipulag þetta er unnið í samræmi við "Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030 / þéttbýlissvæði Húsavíkur" (staðfest af umhverfisráðherra í desember 2010) og með hlífð af eldra deiliskipulagi: „Deiliskipulag, Húsavík iðnaðarsvæði í suðurbæ" (samþykkt í júlí 1997). Iðnaðarsvæðið er merkt I5 á aðalskipulagi og sorpförgunarsvæði S2. Gildandi skipulagsákvæði fyrir svæðin eru:

>I5 iðnaðarsvæði. Svæði fyrir iðnað og athafnastarfsemi, einkum þá sem nýtir heitt vatn eða gufu frá Orkuveitu Húsavíkur. Gert er ráð fyrir að svæðið geti stækkað um 250 m til norðurs, miðað við gildandi deiliskipulag. Gert er ráð fyrir breytingu á legu þjóðvegur 85 vestan við iðnaðarsvæðið þannig að vegur færist um 0-100 m til vesturs. Áhersla verði lögð á aðlaðandi ástand með góðum frágangi lóða og þjára svæðisins, gróðursetningu og snyrtilegri umgengni". Jafnframt gilda eftirfarandi skipulagsákvæði um Norðausturveg 85, Sv85:

> „Til að bæta yfirsýn og umferðaröryggi er gert ráð fyrir að rétta þjóðveg 85 af á 1,2 km kafla þar sem þjóðvegurinn liggur upp á Haukamýraás, þannig að vegurinn færist um 100 m til vesturs (0-120 m)". > S2 sorpförgunarsvæði. „Svæði fyrir móttöku og förgun sorps".

Núgildandi deiliskipulag: Í núgildandi deiliskipulagi er skilgreint 8 ha iðnaðarsvæði með 10 lóðum austan við núverandi þjóðveg. Einnig er gert var ráð fyrir 10 ha skógræktar- og útivistarsvæði sunnan við iðnaðarsvæðið. Við gerð núgildandi aðalskipulags var skógar- og útivistarsvæði felld undir opin svæði til sérstakra nota (O11) og vatnsverndarsvæði (Vv3). Jafnframt er í núgildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að þjóðvegur 85 færist um 0-100 m til vesturs á 1,2 km kafla og er iðnaðarsvæði því stækkað til vesturs. Þar að auki er það framlengt um 250 - 300 m til norðurs. Í aðalskipulagi eru nú skilgreindir tveir landnotkunarlokkar: iðnaðarsvæði (I-5, stærð 14,0 ha) og sorpförgunarsvæði (S-2, stærð 1,4 ha). Tilkomu nýs aðalskipulags kallar á breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Deiliskipulagið er því gert sem nýtt deiliskipulag skv. 37.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag: Gengið er út frá því að staðsetning þjóðvegur 85 verði til framtíðar breytt til samræmis við aðalskipulag Norðurþings, en skipulagið skal þó einnig virka vel miðað við núverandi staðsetningu þjóðvegur. A deili- skipulagsupprætti er svæðinu því skipt í tvennt / í tveim afögum : A) Löðir sýndar með litum verði til ráðstöfunar nú þegar, við núverandi staðsetningu þjóðvegur. B) Löðir sýndar með gráu koma til ráðstöfunar þegar þjóðvegurinn er færður til vesturs (skástrikað svæði sýnir núverandi þjóðveg og heigunarsvæði hans, 30 m frá miðlinu vegar báðum megin). Gert er ráð fyrir hlífðun meðfram þjóðvegi. Eftir breytingu vegar mun koma 12 m breið mún staðsett 23 m frá miðlinu þjóðvegur, en hún er utan skipulagssvæðisins. Mörk skipulagssvæðis eru 40 m frá miðlinu þjóðvegur, þá kemur 8 m breiður vegur og 2 m gangstétt þannig að mörk iðnaðarlóða eru 50 m frá miðlinu þjóðvegur. Iðnaðarlóðir á norðurhluta svæðisins eru flestar 4.000 - 8.000m², en á suðurhluta svæðisins eru einnig stærri lóðir, um 9.000 m². Byggingarreitir á lóð er almennt 15 m frá aðkomuvegi og tekur mið af því að möguleikar verði á góðum bílastæðum og aðkomu báðum megin við húsin og einnig við annan endann a.m.k. Að jafnaði skal vera ein innkeyrsla á hverja lóð en fjóla má í tveir af ástæðu er til. Súmu ákvæði gilda um löðir innan sorpförgunarsvæðis S2.

Byggingarskilmálar: Öll hús skulu staðsett innan byggingarreitna. > Hámarks nýtingarhlutfall lóða er 0,30 (t.d. mega á 4.000 m² lóð koma byggingar með allt að 4.000 x 0,30 = 1.200 m² gjöfllótt bruttó). > Gert er ráð fyrir 1-2 hæða byggingum af einfaldri gerð með mæni fyrir möju húsi og mænis stefnu meðfram vegi. Vegghæð á húshlúð 6,5 m að hámarki og þakhalli fari ekki yfir 15". > S2 sorpförgunarsvæði. Byggingarskilmálar fyrir sorpförgunarsvæði S2 eru þeir sömu og fyrir iðnaðarsvæði I5.

Fomleifar: Fomleifar á Húsavík eru skráðar í fomleifaskrá FS166_01171 Rkv.2002 og hefur Minjavörður Norðurlands eystra staðfest að engar fomleifar séu skráðar innan skipulagssvæðisins né hættulega nálægt. Ef fomleifar finnast við framkvæmd verks skal stöðva framkvæmd skv.24. gr. laga um menningarmínjar (nr. 80/2012) þar sem segir: „Ef fomleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar Íslands um hvort verkið megi fram halda og með hvaða skilmálum.“

Umhverfissmat: Deiliskipulagið er í samræmi við stefnu aðalskipulags Norðurþings. Mannvirkjagerð vegna þróunar iðnaðarsvæðis sem tekur allt að 50 ha svæðis er tilkynningarskyld til sveitarstjórnar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagið fellur þar með einnig undir lög nr. 105/2006 um umhverfissmat áætlaða. Umfjöllun um umhverfisáhrif stýðst við Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030, matsskýrslu frá 2005 um móttöku-, flokkunar- og förgunarsvæði sorps á Húsavík, BS-rígerð frá 2012 um gróðurkortlagningu og breytingar á útbreiðslu alaskalúpinu í Húsavíkurlandi 1977-2007 og skýrslu um náttúrufar og mínjar á Húsavík sem var unnin 1984 fyrir staðarvalsnæfnd um lönskstur. Skipulagssvæðið er staðsett á grónum melum suður af Húsavík. Engin verndarákvæði vegna náttúruverndar eiga við um svæðið. Vatnsverndarsvæði eru skilgreind í nágrenni svæðisins.

Ásýnd og landslag: Iðnaðarsvæðið sést vel frá þjóðvegi 85. Breyting verður á ásýnd svæðis þegar fleiri byggingar bæstast við, einkum þar sem ekkert rask er í dag. Engin verndarákvæði gilda um svæðið og um er að ræða minniháttar breytingu á gildandi iðnaðarsvæði til samræmis við nýtt aðalskipulag. Norðurþing telur að með vönduðum rekstri og frágangi á iðnaðarsvæðinu verði áhrif á þennan umhverfisþátt óverleg.

Gróðurfar og fuglalíf: Fyrirhugað iðnaðarsvæði er að nokkru raskað og helstu gróðurlendi eru graslendi, lyngmói, melar og lúpinubreiður. Gróðurlendi og fuglalíf er ekki talið hafa sérstakt verndargildi. Talið er að áætluin hafi lítil neikvæð áhrif á þennan umhverfisþátt.

Vatnafar og grunnvatn: Neðan þjóðvegur og norðan Kaldbaks er vatnsverndarsvæði í nágrenni við iðnaðarsvæðið samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Einnig er vatnsverndarsvæði sunnan iðnaðarsvæðisins (Vv3). Við uppbyggingu á svæðinu þarf að taka tillit til vatnsverndarsvæða. Þess verði gætt að yfirborðsvatni af skipulagssvæðinu verði veitt framhjá vatnsverndarsvæðum og framkvæmdum þannig hagað að ekki sé hætt á þau spillist. Talið er að áhrif á vatn verði óverleg.

Útivist og hávaði: Iðnaðarsvæðið á Hrísmum er rétt við fjölarinn þjóðveg og nokkuð frá þéttbýli, en í nánunda við útivistarsvæði. Talið er að hávaði og ónaði sem fylgir fyrirhugaðri landnotkun geti haft neikvæð áhrif á útivistarsvæðum næst iðnaðarsvæðinu.

Deiliskipulag þetta er unnið hjá Mannviti, Húsavík í samráði við Skipulags- og byggingarnefnd og bæjarstjórn Norðurþings.

Grunnkort deiliskipulagsins er skv. aðalskipulagi Norðurþings. (Alta ehf.) og kortagrunni Norðurþings. Hnitakerfi er skv. ISNET-93.

Með staðfestingu deiliskipulags þessa fellur úr gildi eldra deiliskipulag "Deiliskipulag, Húsavík iðnaðarsvæði í suðurbæ" samþykkt í júlí 1997.

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 og var samþykkt í byggðaráði bæjarstjórn Norðurþings þann: 18. ágúst 2016


Deiliskipulagstillaga var auglýst frá 5.08.2015 til 16.08.2015

Auglýsing um samþykkt deiliskipulags birtist í B deil5 d stj.tíðinda þann 18.08.2016

Með staðfestingu deiliskipulags þessa fellur úr gildi eldra deiliskipulag "Deiliskipulag, Húsavík iðnaðarsvæði í suðurbæ" samþykkt í júlí 1997.

SKIPULAGSUPPRÁTTUR MKV. 1 : 2.000

- mörk skipulagssvæðis
- núverandi þjóðvegur
- núv. heigunarsvæði vegar
- lóðarmörk, áfangi 1
- byggingarreitir, áf. 1
- lóðarmörk, áfangi 2
- byggingarreitir áf. 2
- hlífðarmörk, áfangi 2
- núv. byggingar
- mörk eldra
- graslendi
- mói
- mýri
- melur
- gönguleið
- reiðleið



HÖNNUÐUR

MANNVIT
Grensásvegur 1 108 Reykjavík Sími: 422 3000 Fax: 422 3001
www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kt: 430572-0169

HEITI VERKS

ÍÐNAÐARSVÆÐI I5
OG
SORPFÖRGUNARSVÆÐI S2
NORÐURÞINGI

HEITI TEIKNINGAR

DEILISKIPULAG

VERKNÚMUR 1.681.248 MKV. 1:2000 STÆRÐ A1

DAGSETNING/HÖNNUÐUR 02. ágúst 2016 ÚTGÁFA 02